

sérfræðinga, halda og áfram því leyfi. Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um sviptingu lækningaleyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa lækningarétt eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögín ganga í gildi, og á sama hátt og þeir hefðu fengið lækningaleyfi samkvæmt þessum lögum.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Ísland á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 26. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

1. gr.

Framan við 42. gr. bætist svofellt ákvæði:

Inntökuskilyrði:

Aðgang að læknisfræðinámi í læknadeild hafa þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenska menntaskóla eða öðru samsvarandi prófi. Deildin getur þó sett lágmarks-einkunnir í stúdentsprófi sem skilyrði inntöku.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.